

# Landspítali e-Repository

## Spurningar og Svör

### 1. Hvað er Landspítali e-Repository?

Landspítali e-Repository er rafrænt varðveislusafn sem er sérhannað til að vista, varðveita og miðla því vísinda- og fræðsluefni sem háskólamenntaðir starfsmenn spítalans hafa gefið út samhliða vinnu sinni eða námi við spítalann.

### 2. Fyrir hverja er Landspítali e-Repository varðveislusafnið hugsað?

Varðveislusafnið er hugsað fyrir vísindamenn og stjórnendur LSH, stjórnvöld heilbrigðis – og menntamála, almenning og alþjóðlega vísindasamfélagið.

### 3. Hverjir eru megin kostir þess að byggja upp varðveislusafn eins og Landspítali e-Repository?

Kostir þess eru margþættir og nýtast ólíkum hópum á fjölbreyttan hátt.

A) Fyrir stjórnendur LSH nýtist safnið við mat á umfangi og gæðum þeirrar vísindastarfsemi sem fram fer á spítalanum m.a. til samburðar við vísindastarfsemi annarra stofnana

B) Fyrir vísindamenn og höfunda verður einfaldara að koma rannsóknum og skrifum á framfæri og aðgangur að þeim verður tryggður

C) Fyrir starfsmenn og nemendur tryggir safnið einfalt og vel skipulagt aðgengi að vönduðu íslensku vísinda- og námsefni sem vinnufélagar eða kennarar þeirra hafa skrifað. Efnið er aðgengilegt óháð staðsetningu og tíma, og gæti þannig veitt þeim stuðning við nám sitt og vinnu.

D) Fyrir Bókasafns- og upplýsingasvið einfaldar það alla vinnu við söfnun, meðferð, viðhald og miðlun á íslensku rannsókn- og námsefni í heilbrigðis- og lífvísindum.

E) Fyrir Vísinda- og rannsóknþjónustu auðveldar það alla vinnu við samantekt útgefins vísindaefnis.

F) Fyrir stjórnvöld í landinu og almenning veitir safnið innsýn í það þróttmikla vísindastarf sem fram fer á spítalanum.

### 4. Hverskonar gögn verður að finna í Landspítali e-Repository?

Fyrst í stað er ætlunin að geyma einungis þau rit sem hafa formlega verið gefin út þ.e. vísindagreinar úr erlendum og innlendum ritrýndum tímaritum, ritgerðir, bókakafla, fræðsluefni og veggspjöld.

### 5. Hvernig er það skipulagt?

Safnið er einskonar blendingssafn þ.e. sambland af bókfræðigagnasafni (e. bibliographical database) þar sem einungis koma fram upplýsingar um höfund, titil, útgáfustað, útgáfuár og þess háttar og hinsvegar altexta gagnasafn (fulltext database) þar sem hægt er að ná í safngagnið í heild sinni.

Varðveislusafninu er skipt niður í stigveldi – Stigveldisskipanin er eftirfarandi:

**Svið > Undirsvið > Safn**

Markmið með þessari skipan er láta vísindagreinisafnið endurspegla sem best vísinda- og fræðastarfsemi á LSH. Efnisflokkunin er skv. MeSH kerfinu frá National Library of Medicine í Bandaríkjunum.

Svið getur samkvæmt þessari byggingu táknað heiti á sviði t.d. *Sjúkráþjálfun* eða *Æðaskurðlækningar*. Sviðum er síðan hægt að skipta niður í undirsvið ef þörf er á. Safn er síðan hópur að skyldum skjölum sem viðkomandi svið hefur myndað, t.d. "Sjúkráþjálfun - vísindagreinar 2005".

### 6. Hvernig er varðveislusafnið gert aðgengilegt?

Varðveislusafnið er gert aðgengilegt á veraldarvefnum. Þar geta starfsmenn sem og aðrir notendur nálgast allar upplýsingar óháð stund og stað. Vefslóðin er: [landspitali.openrepository.com](http://landspitali.openrepository.com)

## **7. Viðmótið, enska v.s. íslenska?**

Fyrst í stað verður allt viðmót, þjónusta og umsýslueiningar varðveislusafnsins á ensku. Í framtíðinni er hugsunin að íslenska allt það sem hægt er og ná þannig að bjóða upp á þann kost að velja um íslenskt eða enskt viðmót.

## **8. Hvernig er hægt að nálgast gögnin?**

Þar sem um er að ræða blendingssafn altexta gagna og bókfræðilegra upplýsinga eru ekki öll gögn vistuð altexta í varðveislusafninu. Í flestum tilvikum er þó hægt að sækja viðkomandi altexta gagn því hlekkur á rafræna útgáfu viðkomandi skjals er í flestum tilvikum skráður.

## **9. Hver byggir upp, viðheldur og þjónustar Landspítali e-Repository?**

Landspítali e-Repository er byggt upp, skipulagt, stjórnað og þjónustað af starfsmönnum Bókasafns- og upplýsingasviðs Landspítalans. Höfundar geta skráð eigið vísindaefni í grunninn samkvæmt viðurkenndu leiðum og undir leiðsögn Bókasafns – og upplýsingasviðs LSH. Tæknileg þjónusta eins og uppsetning hugbúnaðarins (grunnins) á tölvukerfi, uppfærsla og afritunartaka er í höndum verktaka (þjónustuaðila) sem heitir BioMed Central. Hugbúnaðurinn sjálfur og öll safngögn eru vistuð á netþjóni hjá BioMed Central.

## **10. Hugbúnaðurinn / Tæknin á bakvið Landspítali e-Repository**

Varðveislusafnið Landspítali e-Repository er byggt á Dspace hugbúnaðinum. Dspace hugbúnaðurinn var hannaður og þróaður af MIT Libraries og Hewlett-Packard Labs til að byggja upp rafræn geymslusöfn fyrir háskóla og rannsóknastofnanir. DSpace er Open Source hugbúnaður og notaður víða um heim.